



Aðgangur að eigin sjúkraskrá

*Magnús Páll Albertsson
Tryggingalæknir Sjúkratrygginga Íslands.*

Nálgun

- Fjallað verður um aðgang sjúklings að sinni eigin sjúkraskrá.
- Skilgreiningar.
- Lagaákvæði um aðgang.
- Vangaveltur um beinan rafrænan aðgang sjúklings að eigin sjúkraskrá.



Hvað er sjúkraskrá?

Skilgreind í lögum 55/2009 um sjúkraskrár (3. gr.)

- 4. *Sjúkraskrárupplýsingar*: Lýsing eða túlkun í rituðu máli, myndir, þ.m.t. röntgenmyndir, línurit og mynd- og hljóðupptökur sem innihalda upplýsingar er varða heilsufar sjúklings og meðferð hans hjá heilbrigðisstarfsmanni eða heilbrigðisstofnun og aðrar nauðsynlegar persónuupplýsingar.
- 5. *Sjúkraskrá*: Safn sjúkraskrárupplýsinga um sjúkling sem unnar eru í tengslum við meðferð eða fengnar annars staðar frá vegna meðferðar hans á heilbrigðisstofnun eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanns.



Réttur til aðgangs (lög 55/2009 um sjúkraskrár)

- Réttur til aðgangs að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni er tryggður í 14. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár en þar segir í 1. mgr.
 - *Sjúklingur eða umboðsmaður hans á rétt á aðgangi að eigin sjúkraskrá í heild eða að hluta og til að fá afhent afrit af henni ef þess er óskað. Beiðni þar að lútandi skal beint til umsjónaraðila sjúkraskrárinnar.*



Takmarkanir

- Sé um að ræða sjúkraskrárupplýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum skal leita samþykkis þess sem upplýsingarnar gaf áður en þær eru sýndar honum... (2. mgr. 14. gr.)
- Sé talið að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda honum eða umboðsmanni hans afrit sjúkraskrár skal umsjónaraðili sjúkraskrár án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til ákvörðunar um það hvort aðgangur að sjúkraskránni skuli veittur... (3. mgr. 14. gr.)



Hver „á“ sjúkraskrána I

- Sjúklingurinn?
- Læknirinn / stofnunin?
- „Kerfið“?



Sjúkratryggingar
Íslands

Hver „á“ sjúkraskrána II

- Samkvæmt Persónuvernd skiptir í raun og veru ekki máli hver er eigandinn
- Sjúklingurinn á jú alltaf tryggðan rétt til aðgangs og afrits af sjúkraskrá
- Sjúkraskráin er vinnuþagg læknisins
- Skýr ákvæði í lögum um hvað á að gera við sjúkraskrá þegar læknir lætur af störfum



Staðan í dag

- Mörg mismunandi sjúkraskrárkerfi og ekki samtengd nema að litlu leyti
- Enn er ekki bannað að handskrifa sjúkraskrá á spjaldskrárspjöld
- Sjúklingur á nú þegar beinan rafrænan aðgang að upplýsingum sem að hluta má segja að séu byggðar á upplýsingum úr sjúkraskrá
 - Réttindagátt á heimasíðu SÍ
 - lyfjaskírteini
 - aflsláttarkort
 - Bólusetningaskrá



- Hafa í huga að ekki er lengur áskilið í lögum að sjúkraskrá skuli færð á íslensku.
- Færslu sjúkraskrárupplýsinga skal haga þannig að þær séu aðgengilegar og að ritað mál sé skýrt og skiljanlegt. (5. mgr. 5. gr.)
- Ávallt verður þó að gera þá kröfu að sjúkraskrárupplýsingar séu skiljanlegar þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð sjúklings enda getur sjúkraskrá ekki þjónað þeim megintilgangi sínum að vera vinnutæki við veitingu meðferðar nema svo sé. Þá er sú krafa jafnframt gerð að sjúkraskrá sé þannig færð að sjúklingur geti skilið hana eftir atvikum með aðstoð heilbrigðisstarfsmanna á sama sviði og þeir heilbrigðisstarfsmenn sem veittu meðferðina.



Dæmi um dagnótu

- Datt í mars 2010, lenti illa á vinstri hendi. -> Slysó, rtg scaph neg en triq avulsio. Gipsspelka, MRI 3d síðar sýnir fract frekar prox scaph. Óveruleg disloc. Gips í 8v, talið gróið á rtg þá.
- Nú þrálátir verkir rad í úlnlið, palpeymsli í fossa tab og undir tuber scaph. ROM nánast eðl, þó aðeins skert flexio. Watson neg en prófun veldur verkjum. DS eðl.
- Rtg sýnir pseudartrosu í scaph, cystumyndun og afrúnnaða kanta. Væg sclerosa í prox fragm.
- Etv ind fyrir op am Russe



Niðurstaða

- Í sjálfu sér engin ein rétt niðurstaða
- Ég er hlynntur opnu vinnuferli
- Sjúklingum er nú tryggður aðgangur og afrit
- Ég á erfitt með að sjá tilganginn í beinum rafrænum aðgangi t.d.
 - að sjúkraskrá
 - að lyfjaskrá
- Þegar kominn aðgangur að vissum upplýsingum svo sem í Réttindagáttinni (SÍ) og varðandi bólusetningar
- E.t.v. réttast að vinna áfram á þeirri braut og tryggja aðgang að þeim upplýsingum sem haft geta beint hagnýtt gildi fyrir sjúkling.



TAKK FYRIR



**Sjúkratryggingar
Íslands**